

5. Fundur stjórnar – 11. september 2023

Haldinn á skrifstofu félagsins, Stórhöfða 29

Fundinn sátu: Dóra Magnúsdóttir, Guðný Margrét Emilsdóttir, Halldór Kolbeins, Jóna Fanney Friðriksdóttir og Sigurður Albert Ármannsson. Snorri Steinn Sigurðsson mætti um kl. 20:25.

Formaður setti fund kl. 20:05.

Dagskrá og afgreiðslur:

1. Fjármál/rekstur félagsins/kjarabrotamál.

Rekstur félagsins er í jánnum eins og stjórn fjallaði um á síðasta fundi þegar farið var yfir hálfárs uppgjör 2023. Fjöldi félagsmanna í ágúst 2023 var 1.025 og þar af eru einungis um helmingur sem greiðir iðgjöld og eru þar með í stéttarfélaginu. Þar af borgar einungis um fjórðungur félagsmanna, eða um 250 manns, þá lágmarksupphæð sem veitir rétt til að greiða með kjarasamningi. Stjórn telur ljóst að bregðast þurfi við bágrri fjárhagsstöðu félagsins.

Af hverju eru svo fáir leiðsögumenn í stéttarfélaginu Leiðsögn sem skyldi? Rætt um ímyndarvanda og að þjónustustig félagsins er ekki sambærilegt á við stærri stéttarfélög. Mikilvæg er að finna leiðir til að fjölga félögum.

Einnig var rætt að eldri kjarabrotamálum hefur þokað lítt áfram og situr núverandi stjórn uppi með mörg gömul mál og samhliða mikinn lögfræðikostnað. Rætt um að úrvinnsla kjarabrotamála þyrfti að vera markvissari og hraðari. Óviðunandi og seinvirkt að stjórnarfolk sé að sinna úrlausnum slíkra mála í hjáverkum og launalaust. Rætt um að ráða þyrfti kjarafulltrúa til félagsins sem hefði það á sinni könnu að sinna og mæta þörfum félagsmanna á sviði kjaramála og – brota.

Afgreiðsla: Stjórn samþykkir að lækka starfshlutfall skrifstofustarfsmanns niður í 50% vegna bágrar fjárhagsstöðu félagsins.

2. Starfs- og siðareglur: trúnaður/þagnarskylda.

Stjórn hefur samþykkt reglur um fundagerðir og liggja drög fyrir um trúnað, lögð fram til kynningar.

Afgreiðsla: Frestað til næsta fundar.

3. Gangsetning kjaranefndar/viðræðunefndar.

Afgreiðsla: Samþykkt að boða saman kjara- og viðræðunefnd hið fyrsta.

4. Fyrsti félagsfundur LS á Zoom-i og raunheimum (fyrir þá sem það kjósa, getur félagsfólk mætt á skrifstofuna).

Rætt um mikilvægi þess að efla samtal við félagsmenn og hefur því verið stofnaður FB-hópur til að ná betur til félagsmanna en einnig stefnir stjórn að fyrsta félagsfund um kjaramál sem allra fyrst.

Afgreiðsla: Stjórn samþykkir að halda félagsfund við fyrstu hentugleika.

5. Starfshópur um bandalag v. kjarasamninga - næstu skref.

Stjórn og trúnaðarráð hafa samþykkt að óska eftir því við forystu VR að mynda bandalag með VR til undirbúnings og framkvæmdar næstu kjarasamninga, sbr. viðræður starfshóps þar um.

Afgreiðsla: Ákveðið að rita bréf til VR og óska eftir fundi við fyrstu hentugleika. SAÁ tók að sér að drafta það bréf. og DM tók að sér að senda þeim stéttarfélögum línu sem rætt hafði verið við snemma í sumar.

6. Frestun auka-aðalfundur vegna lagabreytinga.

Afgreiðsla: Stjórn samþykkir að auka-aðalfundur vegna lagabreytinga félagsins verði haldinn um miðjan nóv. nk.

7. Bréf til allra fræðsluaðila sem bjóða leiðsögunám um stöðu námskrár skv. Evrópustaðli.

Nú liggja fyrir tvær skýrslur ásamt nýrri starfslýsingu fyrir leiðsögumenn og taka þessi gögn mið af Evrópustaðli - ÍST EN 15565:2008, sem kveður á um lágmarksmenntun leiðsögumanna í Evrópu. Fyrri skýrslan var gerð að frumkvæði Leiðsagnar og skilaði starfshópur af sér greinargerð um menntun og starfsundirbúning leiðsögumanna hérlendis árið 2018. Í þeirri síðari skilaði starfshópur á vegum ferðamálaráðuneytis af sér tillögum til úrbóta um hvernig megi uppfæra nám og þjálfun leiðsögumanna til þess að mæta kröfum yfirvalda og þá einnig með séríslenskum áherslum (Evrópustaðli).

Afgreiðsla: Formanni falið að rita þeim fræðsluaðilum, sem sinna leiðsögunámi, bréf til að leita svara við því hvort þeir hafi hug á og þá hvenær og hvernig þeir hyggjast bregðast við breyttri afstöðu stjórnvalda til menntunar leiðsögumanna (ÍST EN 15565:2008).

8. Fyrstu skil Jakobs Jónssonar vegna Faghandbókar skv. áfangaskilum samnings dags. 14. ágúst sl.

Áfangaskýrsla I lögð fram til kynningar. Stjórnarfélagi bent á að leita beint til JSJ hafi það ábendingar varðandi þessa fyrstu skýrslu.

9. Önnur mál

Varaformaður óskaði eftir að fá að vita um gögn er varða trúnaðarbókun á fyrsta fundi nýrrar stjórnar þ. 13. maí sl. Formaður tjáði að hún vissi ekki betur en að sú bókun hafi verið vistuð í trúnaðarmöppu félagsins en benti varaformanni á að hann hafi fengið bókunina senda í tölvupósti þ. 19. maí sl.

Formaður las bókunina á fundinum. SSS, HK og SAÁ töldu að bókunin hefði innihaldið meiri upplýsingar en sú bókun sem send var á viðeigandi aðila, þ.e. sem bókunin beindist að og að ekki hefðu borist athugasemdir vegna hennar í kjölfar t.pósts. SSS, HK og SAÁ bentu á móti á að bókunin væri ekki undirrituð en formaður benti á að staðfest útsend bókun hefði mikið vægi.

Málið var rætt án niðurstöðu.

Fundi slitið kl. 22:00

Fundarritun: DM

Dóra Magnúsdóttir

Guðný Margrét Emilsdóttir

Halldór Kolbeins

Jóna Fanney Friðriksdóttir

Snorri Steinn Sigurðsson